



847. fundur stjórnar GSÍ, 13. mars 2014, kl.17:00 á skrifstofu GSÍ.

Mættir voru: Haukur Örn Birgisson, Rósa Jónsdóttir, Bergþóra Sigmundsdóttir, Gylfi Kristinsson, Theódór Kristjánsson, Bergsteinn Hjörleifsson og Jón Júlíus Karlsson. Þá sat fundinn Hörður Þorsteinsson framkvæmdastjóri og skráði hann fundargerð.

1. Fundargerð

Fundargerð frá fundi 13. febrúar 2014 s.l. lögð fram og hún undirrituð.

2. Reglugerðabreytingar

Laga- og reglugerðanefnd lagði fram tillögur að breytingum að reglugerðum sambandsins. Um var að ræða annars vegar almennar leiðréttingar á reglugerðum og samræmingu texta og hins vegar nokkrar efnislegar breytingar, aðallega á reglugerð um holukeppni fullorðinna og reglugerðum um sveitakeppnir.

Samþykkt að kynna golfklúbbunum þær breytingar sem kynntar voru á fundinum og óska eftir athugasemdum frá klúbbunum fyrir 7. apríl n.k.

3. Fyrirspurn dómarnefndar til R&A

Forseti fór yfir þau samskipti sem dómarnefnd hefur átt við R&A vegna fyrirspurnar um framkvæmd sveitakeppni kvenna 2013. Niðurstaða R&A er ótvíræð sú að úrslit mótsins standa en skynsamlegt sé að yfirfara reglugerð um sveitakeppni og fyrirbyggja að reglugerðin stangist á við almennar golfreglur. Forseta var falið að taka saman minnisblað um málið og senda hlutaðeigandi aðilum.

4. Afreksíþróttamiðstöð ÍSÍ

Lögð fram drög að samþykktum fyrir Afreksíþróttamiðstöð ÍSÍ sem áætlað er að stofnuð verði á næstu misserum. Um er að ræða verkefni þar sem markmiðið er að aðstoða afreksíþróttafólk við að ná betri árangri í sinni grein með því að fylgjast með og mæla líkamlegt ástand með reglubundnum hætti.

Stjórn sambandsins telur verkefnið áhugavert og er forseta og framkvæmdastjóra falið að fylgjast með framgangi þess og kanna með hvaða hætti GSÍ getur nýtt sér þjónustu miðstöðvarinnar.

5. Heiðursveitingar GSÍ

Forseti óskaði eftir að stjórn staðfesti eftirfarandi orðuveitingar sem orðunefnd hafði ákveðið í tilefni af 50 ára afmæli Golfklúbbs Suðurnesja.

Einar Bergmann Jónsson gullmerki

Gunnar Þórarinsson gullmerki

Karen Sævarsdóttir gullmerki

Sigurður Albertsson gullmerki

Sigurður Garðarsson gullmerki

Stjórn staðfesti orðuveitingarnar.

Í starfsreglum stjórnar er gert ráð fyrir að gefin verði út sérstök reglugerð um heiðursveitingar sambandsins og er laga- og



reglugerðanefnd falið að leggja fram drög að slíkri reglugerð á næsta stjórnarfundum.

6. Samráðsfundir GSÍ með golfklúbbum

Lögð fram dagskrá samráðsfunda GSÍ með klúbbunum. Áætlað er að funda með flestum klúbbum landsins á árinu og verður fyrsti fundurinn á Austurlandi laugardaginn 22. mars n.k.

Kynnt verður starfsemi GSÍ og þau verkefni sem unnið er hverju sinni. Jafnframt er lögð mikil áhersla á að heyra frá forsvarsmönnum klúbbanna hver þeirra helstu verkefni eru.

Framkvæmdastjóra falið að ganga frá endanlegri dagskrá og kynna fundarherferð sambandsins.

7. Útgáfuáætlun Golf á Íslandi

Lögð fram útgáfuáætlun Golf á Íslandi. Þá kynnti formaður útgáfunefndar, Bergsteinn, helstu áherslubreytingar varðandi framsetningu efnis úr blaðinu á golf.is.

Útgáfunefnd stefnir á að afla efnis frá golfklúbbunum og er framkvæmdastjóra falið að senda klúbbunum erindi þar sem blaðið er kynnt, auk þess sem almennir kylfingar verða hvattir til að senda efni í blaðið og það rækilega kynnt á golf.is.

8. Starfsreglur stjórnar

Lagðar fram að nýju starfsreglur stjórnar GSÍ og voru þær undirritaðar. Samþykkt að þær verði birtar ásamt fundargerðum á heimasíðu sambandsins.

9. Aðalfundur Golf Iceland

Aðalfundur Golf Iceland verður haldinn í apríl og var samþykkt að tilnefna framkvæmdastjóra sem fulltrúa GSÍ í stjórn samtakanna á aðalfundinum.

10. Mótaskrá 2014

Lögð fram mótaskrá fyrir sumarið 2014 og var hún samþykkt. Nokkuð erfiðlega hefur gengið að ganga frá staðsetningu móta á Áskorendamótaröð Íslandsbanka og var samþykkt að mótanefnd hefði heimild til að endurskoða þá ákvörðun að mót á þeirri mótaröð yrðu 36 holur.

11. Afreksnefnd

Formaður afreksnefndar kynnti helstu verkefni afrekssviðs 2014. Ákveðið hefur verið að taka þátt í Evrópumótum í karla-, kvenna-, pílta- og stúlknaflökki í sumar. Auk þess eru kylfingar styrktir til þátttöku í einstökum mótum, samkvæmt tillögu landsliðsþjálfara.

Þá fór formaður nefndarinnar yfir árangur afrekskylfinga á liðnu ári og fór yfir stöðu afrekskylfinga innan sambandsins með hliðsjón af markmiðum í afreksstefnu sambandsins.

Mjög ánægjulegt er að sjá að breiddin er að aukast meðal yngri kylfinga landsins og fleiri ná þeim viðmiðum sem fram koma í afreksstefnunni á síðasta ári í samanburði við liðin ár.



12. Næsti fundur

Næsti fundur verður fimmtudaginn 10. apríl kl.17:00 á skrifstofu GSI.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl.19:20.